



Hornafjarðarhöfn
Hafnarbraut 27
780 Höfn í Hornafirði

Hornafirði, 10. desember 2021
nr. erindis 202111009

Málefni: Framkvæmdaleyfi vegna viðhaldsdýpkunar í Hornafjarðarhöfn

Nafn framkvæmdaraðila: Hornafjarðarhöfn og Vegagerðin

Staðsetning framkvæmdar:

Hornafjarðarhöfn

Samantekt yfir lýsingu og frágangi framkvæmdar:

Gert er ráð fyrir að dælt verði upp efni allt að 30.000 m³ úr höfninni. Dýpkunin verður austast í höfninni vegna löndunar á loðnu á komandi vertíð. Gert er ráð fyrir að losunarstaður verði sunnan við Ósland, innan hafnarsvæðis. Leitast verður við að nýta efni til upphækkunar á lóðum í Óslandi og/eða sem farg á lóðir á Leirusvæði II.

Fyrirhuguð framkvæmd er í samræmi við aðalskipulag.

Eftirlitsaðili framkvæmdar:

Umhverfis- og skipulagsstjóri Hornafjarðar fer með eftirlit fyrir hönd sveitarfélagsins Hornafjarðar en er heimilt að ráða til þess sérstakan eftirlitsaðila.

Skilyrði framkvæmdar:

- Að viðhöfð sé góð umgengni um framkvæmdasvæðið.
- Leitast verði við að takmarka framkvæmdasvæði, umferð véla og rask eins og kostur er.
- Umhverfis- og skipulagsstjóri verði boðaður á framkvæmdasvæði við lok framkvæmda.
- Að samráð sé haft við leyfisveitanda ef nokkrar breytingar verði á framkvæmdinni.

Framkvæmd þessi skal vera í samræmi við:

- Framkvæmdaleyfi vegna viðhaldsdýpkunar í Hornafjarðarhöfn



- Reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012
- Skipulagslög nr. 123/2010
- Aðalskipulag Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030
- Framlögð gögn vegna framkvæmdaleyfisumsóknar:
 - Gögn með umsókn um framkvæmdaleyfi,
 - Kort. Svæði fyrir haugsetningu innan hafnarsvæðis við Ósland.

Útgáfa framkvæmdaleyfis:

Framkvæmdaleyfi er gefið út með fyrirvara um að upplýsingar berist um þá hluti sem sem tilgreindir eru hér að ofan.

Framkvæmdaleyfið er gefið út skv. 13. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010 og var samþykkt í bæjarstjórn þann 11. nóvember 2021.

Dagsetning samþykktar leyfisveitenda á framkvæmdaleyfi var 11. nóvember 2021 og rennur framkvæmdaleyfið út þann 11. nóvember 2022 sé framkvæmd ekki hafin.

Vakin er athygli á að framkvæmdaleyfi á að vera til staðar á framkvæmdastað og eftirlitsaðili getur kallað eftir leyfi við eftirlit.

Einnig er vakin athygli á að framkvæmdaleyfi er kæránlegt til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála.

Gjald fyrir framkvæmdaleyfi er 90.000 kr.

Virðingarfyllt

Brynja Dögg Ingólfssdóttir
umhverfis- og skipulagsstjóri
Sveitarfélagsins Hornafjarðar

Brynja Dögg Ingólfssdóttir